

## SKÝRINGAR

Þrjú sjálfstæð loftræsikerfi eru í skólanum auk tveggja útsogskerfa. Sameiginlegt loftinntak er fyrir öll kerfin í steypturni norðan við húsið, þaðan sem loftið er dregið um rör í jörðu inn í blásaraklefa í kjallara hússins, inn á samstæðurnar. Á svipaðan hátt er loftútkastið fyrir öll kerfin um rist við kjallaratröppur.

### Kerfi 1:

Kerfi 1 er fyrir fjölnotasal, leiksvið, anddyri og tónlistarherbergi. Heildarafköst eru um 7500 rúmmetrar á klst. Loft er dregið inn úr loftinntakinu um loftsíu og lofthitara og blásið inn um hljóðgildru, stokka og innblástursristar inn í rýmin. Í stokknum inn í tónlistarherbergið er eftirhitari. Ef flekaveggir eru lokaðir fer loftið um hljóðdeyfðar yfirstraumsristar inn í anddyri og er dregið út um útsogsristar í kennslustofum og eina stóra á göngum, um stokka og hljóðgildru og síðan kastað út um útkastarist við kjallaratröppur. Hitastýring er tvískipt, reglir með tveimur fjölstöðuútgöngum stýrir uppblöndun og hita í fjölnotasal, og annar með einum útgangi stýrir eftirhitara fyrir tónlistarstofuna.

Stýrandi hitanemarnir eru staðsettir á vegg í viðkomandi rýmum, en takmarkandi er í framrásarstokki. Takmörkun er á uppblöndunarhlutfallinu.

### Kerfi 2:

Kerfi 2 er fyrir skólasafn og hópherbergi, afköst eru um 1800 rúmmetrar á klst. Loft er dregið úr loftinntakinu um loftsíu og lofthitara og blásið um hljóðgildru, stokka og innblásturtúður inn í rýmin. Frá rýmunum fer loftið um hljóðdeyfðar yfirstraumsristar fram á gang. Hitastýring er með fjölstöðuregglí, stýrandi hitanema í rýminu og takmarkandi í framrásarstokki.

### Kerfi 3:

Kerfi 3 er fyrir bæð og búningsklefa. Afköst innblásturs eru um 1200 rúmmetrar á klst., en útsogs um 1600 rúmmetrar á klst., þannig að undirþrýstingur er í þessum rýmum gagnvart aðliggjandi rými.

Loft er dregið úr loftinntakinu um loftsíu og lofthitara og blásið um hljóðgildru, stokka og innblástursristar inn í búningsklefana. Loft er dregið úr bæðum um útsogsventla, stokka og hljóðgildru og kastað út. Hitastýring er með fjölstöðuregglí, stýrandi hitanema í búningsklefa og takmarkandi í framrásarstokki.

### Kerfi 4:

Kerfi 4 er fyrir hússtjórnareldhús og eru afköst útsogs 1900 rúmmetrar á klst. Loft er dregið út yfir eldavélum um ristar með fitusíum, stokka og hljóðgildru og kastað út. Loft kemur inn af göngum um hljóðdeyfðar yfirstraumsristar.

### Kerfi 5:

Kerfi 5 er fyrir mötuneytiseldhús og eru afköst útsogs um 950 rúmmetrar á klst. Loft er dregið út yfir eldavél um háf í innréttingu, stokka og hljóðgildru og kastað út. Loft kemur inn af göngum um hljóðdeyfðar yfirstraumsristar.

Blásarar eru tveggja hraða. Við venjulegar aðstæður að degi til og ekkert sérstakt að gerast í fjölnotasal skal gangur þeirra vera eftirfarandi:

- BU1 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- BU2 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- BU3 gengur á minni hraða, 2/3 afköst.
- BU4 gengur á minni hraða, 1/2 afköst og spjaldloka SM1.2 er lokað.
- BU5 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- BU6 gengur að þörfum, hraðabreytir og rofi er hjá kennara
- BU7 gengur að þörfum, hraðabreytir og rofi er hjá starfsmanni

Ef þörf er á meiri loftræsingu verða hnappar hjá húsverði sem setja BU1, BU2, og BU3 á full afköst í 2-4 klst. Að nóttunni gengur aðeins BU4 á minni afköstum og loka SM1.2 er lokað.


Hiti er stilltu á stjórnstöðvum í blásaraklefa

26 AUG. 1994

Sbr. bréf  
Theodór Arnason  
*Theodór Arnason*

27 JUN 1994

Brúnaálfarastofnun ríkisins  
SAMPYKKT



										AJM-Lagnahönnun		HVALEYRARSKÖLI, 2. ÁFANGI	
										Arnar J. Magnússon,		LOFTRÆSING	
										Löngumyrri 26, 210 Garðabæ.		KERFISMYND	
										s. 65 73 12 - fax. 65 73 12.			
Teikn. nr.	Tilvisun á teikningu	Br.	Dags.	Eðf. breytingar	vr.	Sb.	Höfundur	Teikn.	Dagsetning	Skil.	Skil.	Skil.	Skil.
		B1	05.05.94	Loftmagn í kerfi 3.			AJM	AJM	21.04.1994	94.01	2.30-B1	1:XX	